

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
81. fundur –4. október 2004**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 4. október 2004, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerðir 79 og 80. funda heilbrigðisnefndar

Samþykktar.

2. Fundargerð 68. starfsmannafundar frá 27. september 2004

2.1 Starfsleyfi.

Álftanes

2.1.1 Miðskógar 22, Álftanesi - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Miðskógum 22, Álftanesi. Ný starfsemi. Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

Garðabær

2.1.2 Krókamýri 54, Garðabæ - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Krókamýri 54, Garðabæ. Ný starfsemi. Frestað og óskað eftir að umsækjandi leggi fram staðfestingu um samþykka notkun fasteignar.

2.1.3 Sigurhæð 12, Garðabæ - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Sigurhæð 12, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.4 Suðurhraun 2, Garðabæ - verslun með fegrunar- og snyrtiefni.

Lögð fram umsókn Tullia Segatta, fh. Ótrúlegu búðarinnar, kt. 520903-2320, dags. 24.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtiefni að Suðurhrauni 1, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.5 Ægisgrund 19, Garðabæ - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Ægisgrund 19, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

Hafnarfjörður

2.1.6 Berjahlíð 2, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Berjahlíð 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.7 Blikaás 1, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Blikaási 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.8 Einiberg 29, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Einibergi 29, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.9 Erluás 68, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Erluási 68, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.10 Helluhraun 4, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Lárusar Brandssonar, fh. Vélamannsins ehf., kt. 670789-1369, dags. 06.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Helluhrauni 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára.

2.1.11 Helluhraun 10, Hafnarfirði - steinsmiði.

Lögð fram umsókn Lárusar Einarssonar, fh. Englasteina ehf., kt. 441096-2249, dags. 29.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiði að Helluhrauni 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.12 Kaplahraun 10, Hafnarfirði - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Grétars Elfarssonar, fh. Stjörnustáls ehf., kt. 560704-2590, dags. 01.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Kaplahrauni 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára.

2.1.13 Klettahraun 17, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Klettahrauni 17, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.14 Miðvangur 41, Hafnarfirði - fiskbúð.

Lögð fram umsókn Árna Guðmundssonar, fh. Fiskbúðar Norðurbæjar, kt. 680403-3250, dags. 17.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Miðvangi 41, Hafnarfirði. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerðar er samþykkt starfsleyfi.

2.1.15 Smárahvammur 3, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Smárahvammi 3, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.16 Skútahraun 13, Hafnarfirði - brauðgerð.

Lögð fram umsókn Guðnýjar Leifsdóttur, kt. 200468-3929, dags. 24.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brauðgerðar að Skútahraun 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.17 Stapahraun 7, Hafnarfirði - málmsmíðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Eiríks Mikkaelssonar, fh. Vélboða ehf., kt. 630388-1049, dags. 28.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Stapahrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.18 Steinhlið 1, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Steinhlið 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.19 Steinhella 15, Hafnarfirði - geymslur.

Lögð fram umsókn Árna Jóns Ólafssonar, fh. Geymslu eitt ehf., kt. 630604-2730, dags. 07.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs á geymslurými að Steinhelli 15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.20 Svöluás 40, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Svöluási 40, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.21 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - brauðgerð.

Lögð fram umsókn Sigurjóns Hreinssonar, fh. Bono ehf., kt. 470504-4470, dags. 27.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brauðgerðar að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerðar er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.22 Svöluhraun 19, Hafnarfirði - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Svöluhrauni 19, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

Kópavogur

2.1.23 Dimmuhvarf 2, Kópavogi - heimili fyrir börn og unglina.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimilis fyrir börn og unglina að Dimmuhvarfi 2, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er mælt með samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2.

2.1.24 Fururgrund 83, Kópavogi - félagsaðstaða með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Elsu Hrannar Reynisdóttur, fh. Handknattleiksfélags Kópavogs, kt. 630981-0269, dags. 06.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsaðstöðu með fullbúnu eldhúsi í Fagralundi, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

2.1.25 Hagasmári 1, Kópavogi - verslun með fegrunar- og snyrtiefni.

Lögð fram umsókn Tullia Segatta, fh. Ótrúlegu búðarinnar, kt. 520903-2320, dags. 24.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtiefni að Hagasmára 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.1.26 Hagasmári 1, Kópavogi - verslun með fegrunar- og snyrtiefni.

Lögð fram umsókn Sverris Þorsteinssonar, fh. BS ehf., kt. 470103-3370, dags. 22.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtiefni að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

2.1.27 Hagasmári 2, Kópavogi - Go-kart bílar.

Lögð fram að nýju umsókn Dorothy Ellison, fh. Icekart á Íslandi ehf., kt. 480402-3240, dags. 29.06.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Go-kart bíla (5 bensínbíla og 7 rafmagnsbíla) að Hagasmára 2, Kópavogi.

Breyting á starfsemi.

Lagt fram erindi átta íbúa við Fellasmára þar sem kvartað er yfir staðsetningu og hávaða frá bensínknúnum gokart-bílum og þess krafist að umrædd starfsemi verði stöðvuð.

Afgreiðslu starfsleyfisumsóknar frestað þar sem hljóðmælingum er ekki lokið. Með vísun til ákvæða 31. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er umrædd starfsemi aðeins heimil vegna hljóðmælinga þar til starfsleyfi hefur verið veitt og þá aðeins í fullu samráði við heilbrigðisfulltrúa.

2.1.28 Hrauntunga 54, Kópavogi - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Hrauntungu 54, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.29 Langabrekka 26, Kópavogi - daggæsla fyrir allt að 10 börn..

Lögð fram umsókn Báru Jónsdóttur, kt. 040833-5959, dags. 13.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Löngubrekku 26, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og aflað verði samþykkis byggingarnefndar fyrir 1. janúar 2006.

2.1.30 Marbakkabraut 14, Kópavogi - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Marbakkabraut 14, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.31 Smiðjuvegur 4a, Kópavogi - verslun með hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Ragnars Bjarnasonar, fh. Bílanaust hf. kt. 460169-2919, dags.

22.09.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með hættuleg efni og eiturefni að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.32 Vallargerði 26, Kópavogi - sambýli.

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, fh. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjanesi, kt. 450384-0469, dags. 20.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Vallargerði 26, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.33 Þokkaholt 6, Kópavogi - dýralæknastofa.

Lögð fram umsókn Björgvins Þórissonar, fh. Drösuls ehf., kt. 440203-2990, dags. 04.08.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dýralæknastofu að Þokkaholti 6, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.2 Umsagnir.

Hafnarfjörður

2.2.1 Kaplakriki, Hafnarfirði - íþróttahús

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 20.09.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Péturs Ó Stephensen fyrir hönd knattspyrnudeildar FH kt. 410687-1359 um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið í Kaplakrika, vegna skemmtunar sem fyrirhugað er að halda 25. september 2004.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.2 Kaplakriki, Hafnarfirði - íþróttahús

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 20.09.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Geirs Hallsteinssonar um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið í Kaplakrika, kt. 540169-2769, fyrir afmælishátíð sem Fimleikafélag Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769 fyrirhugar að halda 16. október 2004.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.3 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - veitingahús.

Lagt fram bréf skrifstofustjóra Hafnarfjarðarbæjar, dags. 27.08.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Trausta Ágústssonar um vínveitingaleyfi fyrir T-10, kt. 600204-3780, Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.

Jákvæðri umsögn verði veitt að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.2.4 Engihjalli 8, Kópavogi - veitingastofa.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 20.09.2004 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Guðna Kristmundssonar, kt. 300760-4659, til að reka veitingastofu að Engihjalla 8, Kópavogi.

Jákvæð umsögn veitt.

2.2.5 Hagasmári 1, Kópavogi - kvikmyndahús.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 27.09.2004 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sverris Bergs Steinarssonar, fh. Skífunnar ehf., kt. 510177-0969, til að reka veitingasölu í kvikmyndahúsi í Smáralind við Hagasmára 1, Kópavogi. Frestað þar sem endurnýja þarf starfsleyfi.

2.2.6 Nýbýlavegur 16, Kópavogi - gistiheimili.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 27.09.2004 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sigríðar Þorbjarnardóttur, fh. BB44 gistingar ehf., kt. 710502-4120, til að reka gistiheimili og sölu morgunverðar á Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt.

2.3 Annað.

2.3.1 Upplýsingablöð Umhverfisstofnunar 1-3.

Lögð fram fræðslurit Umhverfisstofnunar:

upplýsingablað 1 - Hættuleg efni í viðarvörn, júní 2004,

upplýsingablað 2 - Nýjar reglur um fæðubótarefni, ágúst 2004

upplýsingablað 3 – Hættuleg efni – Merkingar, september 2004

3. Fjárhagsáætlun 2005

Lögð fram fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2005 ásamt verkefnaskrá og eftirlitsáætlun 2005 til 2008. Samþykkt.

4. Eftirlit með hundahaldi

4.1 Árás hunds við Kaldárselsveg, Hafnarfirði

Lögð fram lögregluskýrsla frá 23. júní 2004 vegna árássar hunds á barn og umsögn dýralæknis, dags. 22. september 2004 um hundinn.

Heilbrigðisnefnd telur hér um alvarlegt tilvik að ræða og áminnir hundeiganda með vísun til ákvæða 10. samþykktar um hundahald að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu.

4.2 Árás hunds við Bakkaveg, Álftanesi

Lögð fram lögregluskýrsla frá 9. júní 2004 vegna árássar hunds á barn á gangstétt og umsögn dýralæknis dags. 22. september 2004 um hundinn.

Heilbrigðisnefnd telur hér um alvarlegt tilvik að ræða og áminnir hundeiganda með vísun til ákvæða 10. samþykktar um hundahald að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu. Með vísun til 11. gr. samþykktar um hundahald leggur heilbrigðisnefnd jafnframt fyrir eiganda hundsins að þjálfa hann með hlýðniæfingum og að hafa á honum sérstaka ól yfir trýnið þegar farið er með hann í hjóla- eða skokkferðir.

4.3 Árás hunds á gangstétt við Garðatorg, Garðabæ

Lögð fram lögregluskýrsla frá 23. apríl 2004 vegna árássar hunds á mann á gangstétt.

Heilbrigðisnefnd leggur fyrir eiganda hundsins að afla nú þegar og skila til heilbrigðiseftirlitsins sérfræðiáliti dýralæknis um hundinn.

4.4 Krafa um afturköllun á leyfi

Lagt fram bréf íbúa að Hamraborg 38, 200 Kópavogi, dags. 20. júlí 2004 þar sem m.a. er farið fram á afturköllun á leyfi til íbúa í sam húsi til að halda hund.

Lagt fram andmælabréf eiganda hundsins frá 12. ágúst 2004.

Heilbrigðisnefnd telur ekki hafa komið fram málefnalegar ástæður til að afturkalla leyfið.

5. Malarvinnsla í landi Geirlands, Kópavogi. Umsókn um starfsleyfi og kvörtun vegna ónæðis frá rekstri

Lögð fram að nýju Braga Sigurjónssonar, Geirlandi við Suðurlandsveg frá 22. maí 2003 þar sem sótt er um leyfi til reksturs lagers og söluaðstöðu fyrir jarðefni og flokkun þeirra á landi

Geirlands við Suðurlandsveg (vinnsla jarðefna, steinmölun og framleiðlu á ofaniburði og fyllingarefnum)

Lagt fram bréf Framkvæmda- og tæknisviðs Kópavogs frá 26. september 2004 þar sem fram kemur að ekki er hægt að veita leyfi til rekstursins á grundvelli 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997.

Lagt fram að nýju bréf Magnhildar Erlu Halldórsdóttur, dags. 06.07.2004, þar sem gerðar eru athugasemdir við starfsemina.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Með vísun til ákvæða 11. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem valdið getur mengun vísar heilbrigðisnefnd umsókn um starfsleyfi frá þar sem ekki liggur fyrir staðfest skipulag sem heimilar starfsemina.

6. Lyngheiði 21, Kópavogi, umsókn um starfsleyfi og kvörtun um rekstur

Lögð fram að nýju umsókn Ríkeyjar Pétursdóttur, Lyngheiði 21, Kópavogi, dags. 23. apríl 2003, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rekstur hárgreiðslustofu að Lyngheiði 21, Kópavogi. Lagt fram að nýju rafrænt erindi Önnu Þóru Bragadóttur og Haraldar Kr. Ólasonar, Lyngheiði 23, Kópavogi, sem barst 27. ágúst 2004 kl 15:52, þar sem kvartað er yfir að rekstur hárgreiðslustofu að Lyngheiði 21, Kópavogi, sé látinn átölulaus án starfsleyfis.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur haft til meðferðar starfsleyfisumsókn Ríkeyjar Pétursdóttur, dags. 23. apríl 2003, þar sem sótt er um leyfi til að starfrækja hárgreiðslustofu að Lyngheiði 21, Kópavogi. Með vísun til afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs þann 28. september 2004 er ljóst að húsnæði fyrirhugaðar hárgreiðslustofu getur ekki hlotið samþykkt byggingarnefndar svo sem áskilið er í 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Heilbrigðisnefnd synjar því um veitingu starfsleyfis.

Vegna framkominnar kvörtunar er tekið fram að ekki er staðfest að reksturinn hafi hafist en heilbrigðisnefnd telur rétt að vekja athygli á ákvæðum 4. gr. a. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fram kemur að óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út.”

7. Fundargerðir

7.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð 41. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 7. september s.l.

8. Kvörtun um hávaða frá starfsemi í íþróttahúsi

Rætt um frá kvörtunum sem borist hafa frá íbúa að Fífuhvammi 29, Kópavogi, vegna ónæðis vegna hávaða sem berst frá íþrótt- og líkamsræktarstöðinni að Dalsmára 9-11.

Samþykkt að kynna kvartanda niðurstöður og álit heilbrigðiseftirlitsins.

9. Ólykt frá heitloftspurrkun

Rætt um ólykt sem barst frá fyrirtækinu Þurrkaðar fiskafurðir ehf. 17. og 18. september s.l. og 2. október s.l.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Með vísun til 33. gr. reglugerðar nr. 786/1999, með síðari breytingum um mengunarvarnaeftirlit felur heilbrigðisnefnd heilbrigðiseftirlitinu að stöðva umrædda starfsemi þegar í stað.”

10. Önnur mál

10.1 Kvörtun vegna óþæginda af rekstri bensínstöðvar

Lagt fram rafbréf Atlantsolíu frá 17. september s.l. um úrbætur að Kópavogsbraut 115.

10.2 Haustfundur Umhverfisstofnunar

Kynnt dagskrá haustfundar umhverfisstofnunar með heilbrigðisfulltrúum sem haldinn verður 19. og 20. október n.k.

10.3 Aðalfundur samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Kynnt var fundarboð til aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða þann 4. nóvember 2004.

10.4 Vesturvör 30c, Kópavogi. Mjöll-Frigg hf.

Lagt fram bréf byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar frá 22. september 2004 um umfjöllun byggingarnefndar varðandi fyrirbyggjandi ósk heilbrigðiseftirlitsins um umsögn vegna starfsleyfisumsóknar fyrir framleiðslu úr klórgasi að Vesturvör 30c.

Heilbrigðisnefnd hefur vakið athygli á að óheimilt er að hefja umræddan rekstur án starfsleyfis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15

Loftur Þór Pétursson

Gestur Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Sigurgeir Ólafsson